

Hverfisráð Grímseyjar

41. fundur 7. apríl 2023

Fundur haldin á Sveinstöðum og hófst kl. 14.30

Mætt: Halla Ingólfssdóttir, Bjarni Reykjalín Magnússon og Karen Nótt Halldórsdóttir (í fjarfundi frá Laugarvatni)

Efni: **Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey - umsagnarbeiðni**

### 1) Árangur orkulega séð og umhverfisáhrif

Sjónmengun verður veruleg á svæðinu með 6 vindmyllum og hvað þá ef þarna rísa mun fleiri vindmyllur.

Austurhlið eyjarinnar eða „upp á eyju“ eins og heimamenn segja þar sem ósnortin náttúra, mikið fuglalíf og útsýni yfir björgin og út á haf í allar áttir haf heilla alla sem þangað koma. Sjónmengun yrði umtalsverð frá því að þarna er bara eitt stórt mastur yfir í að vera 6 eða fleiri vindmyllur.

### 2) Áhrif á fuglalífið

Hverfisráð óskar eftir umsögn og álit fuglaverndar og náttúrufræðistofnunar um möguleg áhrif á fuglalíf sem og náttúru Grímseyjar.

### 3) Betri rannsóknir og aðrar lausnir

Við teljum að það þurfi að taka betur saman árangurinn af þessum tveimur vindmyllum áður en farið verður að hugsa fyrir fleirum. Tilfinning okkar, og mælitækjanna í rafstöðinni, er að sólarcellurnar skili mun meira rafmagni heldur en vindmyllurnar, og að mögulega sé veðurfar í Grímsey of óstöðugt til þess að gagnast vindmyllum; vindar annað hvort of miklir eða litlir og meiri selta en ráð var fyrir gert.

Það hafa komið upp hugmyndir sem heimamönnum hugnast mun betur:

1. Að bora eftir heitu vatni. Það var ekki fullreynt þegar það var gert á sínum tíma og tækin í dag eru betri. Það er hiti í jörðu við eyjuna og líkur á heitu vatni. Ef ekki finnst vatn verður það þá fullreynt og hægt að taka þann möguleika af borðinu.
2. Að nýta varma í jörðu til varmaskipta á hverri lóð fyrir sig. Nú þegar eru mörg heimili komin með varmadælur til húshitunnar og olúna til vara og vatnshitunnar.

### 4) Niðurstöður

Grímseyingar vilja fá skýrari svör og upplýsingar um t.d. eftirfarandi:

Áhrif á fuglalíf. Óskum eftir umsögn og álit fuglaverndar og náttúrufræðistofnunar um áhrif á fuglalíf. Hversu margar vindmyllur þarf til þess að þær fari að skila rafmagni að einhverju marki og hversu margar þarf til þess að geta minnkað olíuþörf?

Grímseyingar hafa áhyggjur af sjónmengun af vindmyllunum. Grímsey er þekkt fyrir náttúruvegur og langflestir gestir sem heimsækja Grímsey eru að sækjast eftir ósnortinni náttúru. Telja heimamenn að vindmyllugarður muni skemma þetta aðdráttarafl.

Heimamenn telja að aðrar umhverfisvænar lausnir til langsframa hafi ekki verið skoðaðar og óska eftir því að það verði gert áður en vindmyllum verði fjölgað.

Fundi lokið kl. 16.00